

1956, fyrst með Geir Hallgrímssyni, en síðan með Jóni Magnússyni hrl., Hirti Torfasyni hrl., Sigurði Sigurðssyni hrl. og Sigurði Hafstein hrl.; kosinn alþm. í Norðurlandskjördæmi vestra 1974.

Ritstörf: Alpýða og athafnalíf, Helgafell 1968.

K. h. 9. nóv. 1956 Guðbjörg f. 17. marz 1929 Benediktsdóttir skipstj. í Hafnarf. Ögmundssonar og k. h. Guðrúnar Eiríksdóttur. B. þ. 1) Benedikt f. 15. febr. 1957 í Rvík, 2) Sesselja Auður f. 22. ág. 1958 í Rvík, 3) Jón Einar f. 12. marz 1965 í Rvík.


Ísl.samt. m.



167A. **Finnbogi Hólmsteinn Alexandersson** f. 9. júní 1943 í Ólafsvík. For. Alexander oddviti f. 6. okt. 1922 Stefánsson vegavinnuverkstj. þar Kristjánssonar og k. h. Björg Hólmfríður f. 26. sept 1921 Finnbogadóttir kaupm. frá Gerðum í Garði, síðar á Búðum og í Ólafsvík Lárussonar. Stúdent M.R. 1965 með II. eink. 6.96 st.; cand. juris frá Hásk. Ísl. 28. júní 1975 með I. eink. 217½ st. (meðaleink. 12.79); að afloknu prófi gerðist hann ftr. hjá sm. í Kjósarsýslu og bfr. í Hafnarf.

K. h. 11. maí 1968 Sigríður Margrét f. 9. nóv. 1944 Halldórsdóttir Halldórssonar og k.

h. Stefaníu Þorsteinsdóttur. B. þ. Örn f. 3. jan. 1971.




168. **Finnur Torfi Guðmundsson Stefánsson** f. 20. marz 1947 á Akranesi. For. Stefán Sigurður deildarstj. í viðskiptarn. f. 16. des. 1925 Gunnlaugsson kaupm. í Hafnarf. Stefánssonar og Gróa Margrét Kristín f. 24. sept. 1924 Finnsdóttir Torfa skipstj. á Flateyri við Önundarfjörð Guðmundssonar. Hann er bróðursonur Árna hrl. nr. 28. Stúdent M.R. 1967 með I. eink. 7.35 st.; cand. juris frá Hásk. Ísl. 14. okt. 1972 með I. eink. 201½ st. (meðaleink. 11.85); stundaði framhaldsnám í stjórnmálafræði við hásk. í Manchester í Englandi og lauk þaðan prófi í lok ársins 1973;

prófrítgerð: Icelandic Foreign Policy and the Decision to Join EFTA; hdl 24. sept. 1974.

K. h. 15. maí 1970 Edda leikkona f. 11. nóv. 1945 Þórarinsdóttir Guðna-sonar læknis og k. h. Sigríðar Theódórsdóttur menntaskólakennara.

169. **Franz Edvard Siemsen** f. 14. október 1855 í Reykjavík. For. Georg Nicolai Edvard konsúll og kaupm. þar f. 15. maí 1815 d. 27. ág. 1881 Siemsen og k. h. Sigríður f. 29. jan. 1820 d. 8. marz 1902 Þorsteinsdóttir lögrþj. í Rvík Bjarnasonar. Stúdent Rvík 1875 með II. eink. 57 st.; cand. juris frá Khafnarhásk. 1. júní 1881 með III. eink. 59 st. og aftur 5. júní 1882 með II. eink. 67 st.; settur af landshöfðingja mflm. við lyr. 27. ág. 1884 frá 1. sept. s. á. og af ráðgjafa 16. apríl 1886, en var jafnframt ftr. hjá bfg. í Rvk; settur sm. í Gullbr. og Kjós. 23. ág. 1886 og skip. þar 5. nóv. s. á.; bjó í Hafnarf.; form. skólanefndar Flensborgarskóla 1886–1900; lausn frá emb. 12. júní 1899 frá 31. júlí s. á., en var settur 26. júlí s. á. frá 1. ág. til að gegna emb. um stundarsakir; fluttist til Rvíkur skömmu síðar, og var þar fyrst á skrifstofu hjá Júl. amtm. Havsteen, en síðar á skrifstofum hjá kaupmönnum í Rvík.



Hann andaðist 22. des. 1925.

K. h. 8. sept. 1887 Þórunn f. 10. apríl 1866 d. 18. apríl 1943 Árnadóttir landfógeta nr. 33 Thorsteinson og k. h. Soffíu Kristjönu Hannesdóttur, systir Hannesar bankastj. nr. 298. B. þ. 1) Árni f. 22. sept. 1888 í Hafnarf. d. 30. apríl 1964 kaupm. og aðalræðism. í Lübeck, kvæntur a) Elisabeth dóttur Ludwig Hartwig kaupm. í Lübeck, b) Liselotte dóttur Heinrich Rosenberg kaupm. í Lübeck, 2) Sigríður f. 24. des. 1889 í Hafnarf. d. 12. ág. 1970, seinni kona Páls hrd. nr. 565, 3) Soffía f. 23. des. 1891 í Hafnarf., d. 28. des. 1968, gift Magnúsi Kjaraan ræðism. og stórkaupm. í Rvík, 4) Theodor kaupm. í Rvík f. 7. nóv. 1893 í Hafnarf. d. 14. febr. 1966 kvæntur Weru dóttur Gustav Schetelig verksmiðjueiganda í Lübeck.

BTob.; Familien Finsen, Kbh. 1935; ÍslHafn.; Mbl. 3. jan. 1926; PEÓL.Ísl.ævisk.; Smæfir IV, 194; Tíminn 26. des. 1925; Vísir 5. jan. 1926.

170. **Freymóður Þorsteinsson** f. 13. nóvember 1903 á Höfða í Þverárhlíð. For. Þorsteinn bóndi f. 15. okt. 1868 d. 29. sept. 1948 Jónsson bónda á